



Nr.: STL-057	Tækniskólinn	
Útgáfa: 3.0		
Dags: 05.01.2015	Nemendatengill	
Höf: Jón B. Stefánsson		
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 2		

Svið/deild: Tækniskólinn ehf	
Næsti yfirmaður (starfsheiti): Aðstoðarskólameistari	
Undirmenn (starfsheiti):	

Markmið starfs:	Nemendatengill er tengiliður yfirstjórnar við nemendafélög Tækniskólans. Vera leiðandi í félagsstarfi nemenda og sjá um halda utan um viðburði á vegum nemendafélagana. Koma að markaðssetningu skólans og skipulagi viðburða í skólanum og fyrir utan hann. Að starfa með stjórn Tækniskólans að umbótum á aðstöðu fyrir nemendur til félagsstarfs. Að halda utan um fjárreiður nemendafélaganna í samræmi við ákvæði laga um framhaldsskóla frá 2008. Að byggja upp ímynd Tækniskólans í samstarfi við markaðsnefnd og kynna hann þar sem við á.
	Ábyrgðarsvið:
1.	Ber ábyrgð á handleiðslu og leiðsögn í félagsstarfi nemenda Tækniskólans.
2.	Virkja nemendur til þátttöku í nemendastarfi.
3.	Situr fundi með nemendafélögum Tækniskólans
4.	Vinnur náð með NST
5.	Heldur utan um viðburðadagatal nemendafélagana
6.	Tekur þátt í framkvæmd uppákoma í skólanum.
7.	Tekur þátt í framkvæmd uppákoma sem skólinn tekur þátt í
8.	Situr fundi með markaðsráði
9.	Ber ábyrgð á að upplýsingar á heimasíðu sem falla undir félagsstarf nemenda séu réttar og uppfærðar.
10.	Ber ábyrgð á að upplýsingar á Facebook síðu sem falla undir félagsstarf nemenda séu réttar og uppfærðar.
11.	Ber ábyrgð á að verkefni sem undir hann falla séu unnin samvissusamlega og innan settra tímamarka þannig að skólinn geti veitt innri og ytri viðskiptavinum sínum sem besta þjónustu á hverjum tíma.

Nr.: STL-057	Tækniskólinn	
Útgáfa: 3.0		
Dags: 05.01.2015	Nemendatengill	
Höf: Jón B. Stefánsson		
Ábm: Skólameistari		
Síða 2 af 2		

Kröfur um hæfni (þekking, færni, eiginleikar)

Hafi a.m.k. lokið framhaldsskólanámi. Hafi mikla reynslu í félagsstarfi innan framhaldsskóla og helst einnig á öðrum vettvangi. Sé ábyrgðarfullur, skapandi og frábær í mannlegum samskiptum. Hafi drifkraft og frumkvæði til að leysa þau verkefni sem undir starfið falla. Búi yfir mikilli hæfni í mannlegum samskiptum og hafi jákvæða framkomu gagnvart viðskiptavinum innri sem ytri. Þekking á íslensku skóla- og atvinnulífi.

	Helstu verkefni:
1.	Hafa frumkvæði að því að aðstoða og leiðbeina nemendum í félagsstarfi og tryggja að verkefni sem unnin eru innan skólans eða í nafni skólans samræmist reglum.
2.	Hafa umsjón með fjárreiðum nemendafélaganna í samstarfi við kjörna fulltrúa þeirra og í samvinnu við fjármálastjóra Tækniskólans.
3.	Taka þátt í skipulagi og framkvæmd forvarnarstarfs með forvarnarfulltrúa Tækniskólans.
4.	Vera ráðgefandi til stjórnenda Tækniskólans um málefni sem undir hann falla.
5.	Starfa með skólameistara, skólastjórum og námsráðgjöfum að kynningarmálum skólans.
6.	Hafa frumkvæði að og framkvæma aðgerðir í kynningarmálum sem lúta að því að skapa skólanum jákvæða ímynd.
7.	Hafa samskipti við aðra skóla varðandi þá málaflokka sem undir hann falla.
8.	Reglulegir fundir með nemendafélögum
9.	Vinnur með markaðsráði vegna auglýsinga/markaðs mála
10.	Tengiliður nemendafélagana við húsumsjón og tölvudeildar vegna uppákoma í skólanum
11.	Tekur þátt í samskiptum nemendafélagana við utanaðkomandi aðila
12.	Kemur að kynningum í grunnskólum
13.	Annast önnur verkefni sem honum eru falin.

Tengsl	
Daglega	Starfsmenn Tækniskólans, nemendur Tækniskólans, viðskiptavinir Tækniskólans.
Sjaldnar	Yfirstjórn Tækniskólans og þjónustuaðilar.